



Ályktunartillaga stjórnar Vátryggingafélags Íslands hf.

fyrir hluthafafund félagsins þann 17. janúar 2024

Dagskrárliður 1

Tillaga um samþykki fyrir yfirfærslu vátryggingastofns í dótturfélag

Stjórn félagsins leggur til að samþykkt verði að vátryggingastofn og vátryggingastarfsemi félagsins verði færð í dótturfélag félagsins, VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470.

Greinargerð með tillögu: Á síðasta hluthafafundi félagsins þann 14. júní 2023 voru samþykktar breytingar á tilgangssákvæði í samþykktum félagsins þar sem tilgangur félagsins var útvíkkaður með hliðsjón af þeim áherslubreytingum sem hafa átt sér stað hjá félaginu. Í greinargerð stjórnar með fyrirnefndum breytingum á samþykktum og kynningu á umræddum hluthafafundi félagsins kom fram að skoðaður hefði verið fýsileiki þess að tryggingastarfsemi félagsins yrði færð í dótturfélag. Lagt var upp með að slíkt skref yrði tekið á síðari tímapunkti, en slík færsla væri háð sérstakri ákvörðun stjórnar og yrði borin undir hluthafa á hluthafafundi ef til þess kæmi. Nú þegar vinnu við undirbúning færslu tryggingarekstrar í samvinnu við utanaðkomandi ráðgjafa er að fullu lokið hefur stjórn nú ákveðið að leggja til við hluthafa tillögu um yfirfærslu vátryggingastofns og vátryggingastarfseminnar í dótturfélag. Að undangengnu samþykki hluthafafundar og viðeigandi samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands verður tryggingareksturinn færður í dótturfélagið VÍS tryggingar hf. Félagið hefur nú þegar undirritað kaupsamning við VÍS tryggingar hf., um tryggingastarfsemi félagsins, en sá samningur er með fyrirvara um samþykki hluthafafundar félagsins fyrir yfirfærslu á vátryggingastofni og vátryggingastarfsemi í dótturfélag.